

Reykjavík, 27. febrúar 2018.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll

Nefndarsvið Alþingis hefur fyrir hönd Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis leitað umsagnar Landssamtakanna Geðhjálp um frumvarp til laga um breytingu á lögræðislögum, *Fyrirframgefni ákvarðanataka* (Advance Directive), 282. mál.

Hugtakið *Fyrirframgerð ákvarðanataka* felur í fáum orðum í sér formlega viðurkenningu samfélagsins á vilja sjúklings fari svo að fagfólk eða aðrir hlutaðeigandi aðilar komast að þeirri niðurstöðu að viðkomandi hafi misst getuna til að taka ákvarðanir um eigið líf og meðferð.

Fyrirframgerð ákvarðanataka felur í sér ótvíræða kosti fyrir notendur geðheilbrigðiskerfisins. Mest er um vert að hún ljáir notendum ótvíræða „rödd“. Geðhjálp berast reglulega ábendingar um að starfsfólk hlusti ekki á óskir notenda í meðferð á heilbrigðisstofnunum. Ef notendur geta vísað í löglegt plagg undir yfirskriftinni *Fyrirframgerð ákvarðanataka* í samskiptum sínum við fagfólk aukast líkurnar á því að tekið sé mið af upplifun þeirra, óskum og vilja í bataferlinu.

Annar helsti kostur *Fyrirframgerðar ákvarðanatöku* felst í meðferðargildi ferlisins. Með því er átt við lærdómsgildi þess fyrir viðkomandi notanda að velja því fyrir sér hverjum hann treystir best til ákvarðanatöku og hvaða leiðir hann vilji fara í meðferð fari svo að hann missi sjálfsákvörðunarrétt sinn. Þar er hægt að nefna tegundir meðferða, lyfja og tengsl við venslafólk. Jafnframt er hægt að komast hjá misskilningi innan fjölskyldna með *Fyrirframgerðri ákvörðun* um hver beri ábyrgð á börnum, fjármálum og samskiptum við yfirmenn á vinnustað á meðan hann/hún dvelst á heilbrigðisstofnun.

Síðast en ekki síst hafa rannsóknir leitt í ljóst að *Fyrirframgerð ákvarðanataka* dragi úr nauðung og þvingun í þjónustu á geðheilbrigðisstofnunum. Þar má nefna að rannsóknir Jeffrey Swanson og teymis hans leiddu í ljós 50% samdrátt í þvingun á geðdeildum í tilteknum fylkjum Bandaríkjanna eftir að *Fyrirframgerð ákvarðanataka* var tekin þar upp. Greint var frá niðurstöðum rannsóknarinnar í *Journal of Mental Health* árið 2008.

Stjórn Landssamtakanna Geðhjálp hvetur Alþingi til að leggja fólk með geðrænan vanda lið með því að samþykkja fyrirbyggjandi frumvarp á breytingu gildandi lögræðislögum um *Fyrirframgefna ákvarðanatöku*. Sjálfsákvörðunarréttur hvers einstaklings er hornsteinn hvers lýðræðislegs samfélags. Með því að samþykkja frumvarpið er stigið dýrmætt skref í að jafna lýðræðisrétt og draga úr manna mun í mannréttindum á Íslandi.

Virðingarfyllst fyrir hönd Geðhjálp,

Hrannar Jónsson, formaður.

